

Umhverfis- og orkustofnun

VESO ehf.
Miðhelli 2
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 18. febrúar 2025
UST202411-153/B.B.B.
07.04.02

Niðurstaða eftirlits - Málslok

Umhverfis- og orkustofnun* vísar til bréfs stofnunarinnar dags. 18.11.2024 þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með skráningu innfluttra efna, í samræmi við hlutverk stofnunarinnar skv. efnalögum nr. 61/2013. Skoðað var hvort efni sem flutt voru til Íslands á tímabilinu 1. janúar – 31. október 2024 í magni sem nam 1 tonni eða meira falli undir skráningarskyldu og uppfylli þær kröfur sem settar eru fram með reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH). Samkvæmt innflutningsgögnum flutti Veso ehf. inn formaldehyð, peredikssýru og vetnisperoxíði í magni sem nam meira en einu tonni. Fyrirtækið skilaði inn gögnum því til stuðnings að notkun efnanna fellur undir undanþágu frá skráningarskyldu til ECHA.

Engin frávik komu fram varðandi markaðssetningu þeirra vara sem féllu undir umfang eftirlitsins og telst máli þessu því lokið af hálfu stofnunarinnar.

Vakin er athygli á því að hér er eingöngu um að ræða eftirlit með skráningu innfluttra efna og því aðeins gerðar athugasemdir við þær vörur sem heyrðu undir umfang eftirlits og skráningu þeirra. Hugsanlegt er að aðrar vörur, sem Veso ehf. setur á markað, standist ekki kröfur efnalaga nr. 61/2013 eða reglugerða settra á grundvelli þeirra og þurfi þar af leiðandi lagfæringa við til að uppfylla þær.

Upplýsingar um skráningu efna má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar* <https://ust.is/atvinnulif/efni/reach/um-hvad-fjallar-reach/skraning/almennt-um-skraningu/>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar Bergdísar Bjarkar Bæringsdóttur varðandi eftirlitsverkefnið og skráningu efna í síma 591-2000 eða gegnum netfangið bergdis.b.baeringsdottir@uos.is til að fá nánari upplýsingar.

**Umhverfisstofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa. Umhverfis- og orkustofnun tekur við starfsemi Orkustofnunar og hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar. Stofnunin fer með stjórnslu loftslags-, umhverfis- og orkumála og málefni auðlindanýtingar. Heimasíða fyrir nýja stofnun er í vinnslu undir uos.is. Á meðan verða heimasíður Umhverfisstofnunar og Orkustofnunar aðgengilegar.*

Virðingarfyllt,

Bergdís Björk Bæringsdóttir,
sérfræðingur

Umhverfis- og orkustofnun

Ísak Sigurjón Bragason,
teymisstjóri

Meðfylgjandi: Eftirlitsskýrsla